

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936, greiðist gjafsóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði. Kostnaðurinn ákveðst kr. 520.000, og þar af ákveðast málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hauks Sveinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 520.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.000.

Fimmtudaginn 8. maí 1980.

Nr. 63/1980. **Félagsmálaráðherra f. h.
félagsmálaráðuneytis**
gegn
**Jóni Skaftasyni yfirborgarfégeta,
skiptaráðanda í Reykjavík.**

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Kæra sóknaraðilja er dagsett 11. apríl 1980. Hún barst Hæstarétti 17. s. m. Krefst sóknaraðili þess, „að lagt verði fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að kveða upp efnisúrskurð um málið með eða án endurupptöku skipta“. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi skiptaráðanda, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973. Engar kröfur eru gerðar af hálfu skiptaráðanda.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Bú Álfaborgar h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 11. maí 1979. Innköllun til kröfuhafa var gefin út 5. september s. á. Með bréfi 17. október s. á. lýsti Hildur Herbertsdóttir kröfu í búið, að fjárhæð 81.515 krónur, og krafðist þess, að krafan yrði greidd úr búinu sem forgangskrafa, þar sem um væri að ræða vangoldin vinnulaun. Sú grein var gerð fyrir kröfu þessari, að Hildur, sem hafði starfað hjá félaginu á árunum 1976 og 1977, hefði fengið greitt meðaltímakaup í stað dag-, eftir- og næturvinnukaups. Engar eignir voru í þrotabúinu, og var skiptum í því lokið með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978 hinn 9. janúar 1980. Með bréfi 20. febrúar 1980 til félagsmálaráðuneytisins krafðist Hildur greiðslu kröfunnar úr rikissjóði ásamt vöxtum og kostnaði. Ekki fylgdi þeirri kröfulýsingu umsögn skiptaráðanda samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 302/1975. Hinn 3. mars 1980 ritaði félagsmálaráðuneytið skiptaráðandanum í Reykjavík bréf og beiddist umsagnar hans um áðurgreinda kröfu. Var þess óskað, að í umsögninni kæmu fram eftirtalin atriði:

„1. Hvenær gjaldþrotáúrskurður var kveðinn upp.

2. Hvort kröfunni fylgi forgangsréttur skv. lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. (sjá lög nr. 23/1979).

3. Hvort viðkomandi launþegi hafi átt hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki eða hafi verið forstjóri þess eða stjórnarmaður, eftir að fjárhag þess fór verulega að halla. Hafi launþeginn átt hlut í fyrirtækinu, þarf að upplýsa, hve stór sá hlutur var.

4. Hvort kröfunni hefur verið lýst í þrotabúið innan innköllunarfrests. Þetta á þó ekki við, ef innköllun hefur ekki verið gefin út vegna þess, að búið reyndist eignalaust“.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi skiptaráðanda, svaraði fyrir-

spurn þessari með bréfi 11. mars 1980, og segir þar m. a. svo:

„1. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp 5. 9. '79 og birtur í Lögbirtingablaðinu hinn 19. 9. '79.

2. Skiptum í búinu var lokið 9. janúar s.l. með vísan til 120. gr. 1. nr. 6/1978, án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, og hefur því ekki verið skorið úr því, hvaða kröfur njóti forgangsréttar. Spurningu ráðuneytisins í 2. tl. bréfs þess er því ekki unnt að svara. Forgangskrafa hefur verið gerð, og ekki hefur krafan sætt mótmælum á skiptafundi.

3. Hildur Herbertsdóttir er ekki skráður hluthafi í Álfaborg h/f. Ekki hefur komið fram í málinu, að viðkomandi hafi verið forstjóri fyrirtækisins eða í stjórn þess.

4. Kröfunni var lýst í tæka tíð innan innköllunarfrests“.

Með bréfi 25. mars 1980 krafðist félagsmálaráðuneytið formlegs úrskurðar skiptaráðanda „skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, um það, hvort umrædd krafa fellur innan ríkisábyrgðar“. Þessu svaraði skiptaráðandi með bréfi 31. mars 1979, þar sem m. a. segir svo: „Skiptum í þrotabúi Álfaborgar h/f var lokið 8. (sic) janúar s. l. með vísan til 120. gr. 1. nr. 6 frá 1978 um gjaldþrota-skipti . . . Ekki er að finna heimild í lögum um endurupptöku skipta í tilviki sem þessu, og verður því að synja beiðni ráðuneytisins“.

Gögn máls bera með sér, að krafa sú, sem um ræðir, er talin vera vegna vangoldinna vinnulauna á tímabilinu frá nóvember 1976 til júní 1977. Tekur því ákvæði 2. gr. laga nr. 8/1979 um heimild félagsmálaráðuneytis til að leita úrskurðar skiptaréttar ekki til kröfu þessarar, sbr. 3. gr. sömu laga.

Þegar af þessari ástæðu verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Kröfur sóknaraðilja, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytis, eru ekki teknar til greina.